

Þroskaþjálfanám og starf á tímamótum?

Inngangur

Breyttar áherslur í málaflokkum fatlaðs fólks kalla á ígrundun og umræðu um nám og störf þroskaþjálfna. Það sem hefur verið efst á baugi á allra síðustu árum er einkum þrennt. Í fyrsta lagi má nefna að 1. janúar árið 2011 fluttist þjónusta við fatlað fólk alfarið frá ríki til sveitarfélaga (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með áorðnum breytingum). Við það breyttist starfssvið margra þroskaþjálfna frá því að vinna í sér-tæku kerfi fyrir fatlað fólk, t.d. á sambýlum á vegum Svæðisskrifstofa, yfir í það að vinna í almennri félagsþjónustu, t.d. á almennum þjónustumiðstöðvum sem nú sjá um framkvæmd og skipulagningu á þjónustu við fatlað fólk.

Í öðru lagi skrifuðu Íslendingar undir *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* árið 2007. Þó að samningurinn hafi ekki verið lögfestur hér á landi þurfa fagstéttir á borð við þroskaþjálfna að endurmeta störf sín út frá samningnum og þroskaþjálfamenntunin þarfnast ekki síður umræðu og aðlögunar. Í samningnum er byggt á mannréttindaskilningi á fötlun en í því felst viðurkenning á að líta beri á fatlað fólk sem þátt í fjölbreytileika hvers samfélags og hugtök á borð við jafnrétti, virðingu og mannréttindi eru miðlæg. Samkvæmt samningnum er t.d. meginmarkmið félagslegs stuðnings að stuðla að fullri þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins (Velferðarráðuneytið, e.d.).

Í þriðja lagi má nefna að með breytingum á lögum um málefni fatlaðs fólks í lok árs 2010 er gert ráð fyrir að eigi síðar en í árslok 2014 verði lögfest að notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk. Töluverð umræða hefur verið á undanförunum árum um þetta þjónustuform en sú hugmyndafræði sem þar liggur að baki, þ.e. sjálfstætt líf (e. independent living), hefur haft mikil áhrif í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks víða um heim á síðustu áratugum. Kjarni hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf er krafa um fulla samfélagsþátttöku og að fatlað fólk geti sjálft stjórnað lífi sínu og stýrt þeirri þjónustu sem það fær (Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2010). Í stuttu máli gengur NPA út á að færa valdið frá þjónustukerfinu, sem nú er að mestu í höndum sveitarfélaga hér á landi, og í hendur fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra sé um börn að ræða (Hallgrímur Guðmundsson, 2011).

Eins og Auður Finnbogadóttir bendir á í grein sinni hér á eftir gerist fatlað fólk nú í æ ríkari mæli vinnuveitendur í stað þess að algengt var að líta á fólkið sem skjólstaðinga þroskaþjálfa eða annarra fagstétta. Þessi breyting felur í sér að þroskaþjálfa, eins og aðrir sem starfa með fötluðu fólki, þurfa að hasla sér völl í þessu nýja þjónustuforni og sanna ágæti sitt. Reynslan frá öðrum löndum af NPA, t.d. Svíþjóð, hefur sýnt að fatlað fólk velur ekki endilega fagfólk til starfa hjá sér. Margt bendir til að ástæðan fyrir því sé fyrst og fremst sú að fólkið óttist að fagstéttir viðhaldi þeirri forræðishyggju sem oft hefur verið ríkjandi í garð fatlaðs fólks (sjá t.d. Ratzka, 2003).

Greinarnar í viðhorfsþættinum eru að þessu sinni fjórar og beinast að ofangreindum þáttum. Fyrst er inngangsgrein ritstjóra þáttarins, Guðrúnar V. Stefánsdóttur, en í henni er rakin stuttlega þróun í málaflokkum fatlaðs fólks og í námi og störfum þroskaþjálfa. Næst er grein Friðriks Sigurðssonar sem fjallar um þær breytingar sem orðið hafa á sértækri félagsþjónustu fyrir fatlað fólk og þau áhrif sem þær hafa haft á stöðu fatlaðs fólks og störf þroskaþjálfa. Í þriðju greininni fjallar Helga Baldvinsdóttir Bjargadóttir um mannréttindi fatlaðs fólks og hlutverk þroskaþjálfa á því sviði. Loks fjallar Auður Finnbogadóttir um reynslu sína af starfi sem þroskaþjálfi í NPA. Ekki voru sett nein skilyrði fyrir formi greinanna og því eru þetta ólíkar greinar að gerð og lengd sem ritstýrt var í samvinnu við höfunda.

HUGMYNDAFRÆÐI OG SAGA ÞROSKAÞJÁLFA NÁMS OG STARFS

Sagt er að án fortíðar sé engin nútíð og án nútíðar sé engin framtíð. Í þessu ljósi er hér á eftir fjallað stuttlega um þróun menntunar og starfssviðs þroskaþjálfa og þá hugmyndafræði sem að baki liggur.

Saga þroskaþjálfa menntunar á Íslandi spannar rúm fimmtíu ár en á þeim tíma hefur orðið ör þróun og miklar breytingar á námi og starfi þroskaþjálfa. Það sem hefur þó einkennt þroskaþjálfastéttina frá upphafi er sterk samkennd með fötluðu fólki; þroskaþjálfa hafa tekið virkan þátt í baráttu fyrir auknum rétti fatlaðs fólks og haft mikil áhrif á þróun í málefnum fatlaðs fólks hér á landi. Þar ber þó sérstaklega að nefna fólk með þroskahömlun en það hefur hingað til verið stærsti markhópur þroskaþjálfa.

Árið 1960 útskrifuðust fyrstu þroskaþjálfa sem þá hétu gæslusystur en Gæslusysturaskóli Íslands var stofnaður tveimur árum fyrr eða árið 1958. Eins og nafn skólans gefur til kynna var áhersla í náminu í fyrstu afar læknisfræðileg enda var á þessum tíma litið á fatlað fólk sem sjúklinga í þörf fyrir lækningu, umönnun og gæslu. Í byrjun var námið að miklu leyti verklegt og fór fram á Kópavogshæli. Árið 1971 var nafni skólans breytt í Þroskaþjálfa skóla Íslands, námið var lengt í tvö og hálf ár og bóklegt nám var aukið verulega. Skólinn var þó ennþá rekinn af Kópavogshæli en árið 1976 var hann gerður að sjálfstæðri stofnun og námstíminn breyttist í þriggja vetra nám eins og enn er. Með sameiningu Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfa skóla Íslands í eina háskólastofnun, árið 1998, færðist þroskaþjálfa nám formlega á háskólastig.

Þær breytingar sem orðið hafa á námi og starfi þroskaþjálfa endurspeglar vel þær

hugmyndafræðilegu áherslur sem hafa verið uppi á hverjum tíma í málaflokkum fatlaðs fólks. Til hagræðingar má skipta þessari þróun í þrjú megingímabil þó að þau skarist að einhverju leyti. Í fyrsta lagi er tímabil stofnanavæðingar og aðgreiningar sem ríkjandi var frá upphafi 20. aldar og fram á áttunda áratug aldarinnar. Í öðru lagi er tímabil sem kenna má við eðlilegt líf og samfélagsþátttöku, en þær hugmyndir bárust frá Svíþjóð og Danmörku til Íslands í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar. Í þriðja lagi má nefna tímabil réttindagæslu og mannréttindasjónarmiða sem á sér rætur í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks á áttunda og níunda áratug 20. aldarinnar (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008).

Sólheimar í Grímsnesi var fyrsta stofnunin á Íslandi sem tók á móti fólki með þroskahömlun en fyrstu „fávitarir“ fluttu á heimilið árið 1931 (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Í kjölfar þess hófst umræða á Alþingi um þjónustu við þennan hóp fólks og voru fyrstu lög sem sett voru um þjónustu við „fávita“ (Lög um fávítahæli nr. 18/1936). Þó að lög in hefðu þann tilgang að bæta aðbúnað fólks með þroskahömlun marka þau upphaf tímabils stofnanavæðingar og aðgreiningar en fram á áttunda áratug 20. aldar var þjónusta við fólk með þroskahömlun nánast eingöngu bundin við sólarhringsstofnanir.

Í þessu andrúmslofti leit menntun þroskaþjálfra fyrst dagsins ljós en þroskaþjálfar, þ.e. gæslusystur, störfuðu á Kópavogshæli og voru í bláum og hvítum hjúkrunarbúningum við vinnu sína, með kapp á höfði. Starfssvið þeirra fólst samkvæmt lögum í „fávitagæslu“ á Kópavogshæli (Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967). Dæmi um kennslugreinar á þessum tíma voru hjúkrunarfræði, hjálp í viðlögum og sálfræði. Hugtök á borð við gæslu, hjúkrun og umönnun voru miðlæg og endurspegluðu vel það þjónustuform sem í boði var og þá hugmyndafræði sem lá að baki en hún byggðist fyrst og fremst á læknisfræðilegum skilningi á fötlun. Þrátt fyrir þá stefnu má greina að þroskaþjálfar voru ávallt meðvitaðir um hlutverk sitt sem talsmenn fólks með þroskahömlun. Kristjana Sigurðardóttir lýsir þessu vel í grein í Afmælisblaði þroskaþjálfra, árið 1990: „En eitt var ljóst, stétin vildi og ætlaði að ganga fram á veg og berjast fyrir breytingum til betri aðbúnaðar fyrir skjólstaðinga sína“ (Kristjana Sigurðardóttir, 1990, bls. 6).

Næsta tímabil hófst í byrjun áttunda áratugar 20. aldar og má kenna við þátttöku og eðlilegt líf eða normaliseringu. Árið 1979 voru sett ný lög, lög um aðstoð við þroskahefta. Lög in eru tímamótalög í málefnum fólks með þroskahömlun og í fyrsta sinn í sögunni var gert ráð fyrir að þessi hópur ætti kost á að lifa eðlilegu lífi úti í samfélaginu. Í anda hugmyndafræðinnar hófst umræða um að leggja niður stofnanir og í kjölfarið fluttu margir af stofnunum og á sambýli. Dagþjónusta fór fram á hæfingarstöðvum eða vernduðum vinnustöðum, sérstaklega gerðum fyrir fólk með þroskahömlun. Árið 1978 voru lög um þroskaþjálfra samþykkt á Alþingi og endurspegla þau vel þessar hugmyndir. Í hugmyndafræði um eðlilegt líf og samfélagsþátttöku var lögð mikil áhersla á að hæfa fólk með þroskahömlun að samfélaginu og í því samhengi höfðu þroskaþjálfar mikilvægu hlutverki að gegna. Hæfingin fólst samkvæmt lögum og reglugerðum í uppeldi, umönnun og þjálfun, hvort sem fólk var fullorðið eða á barnsaldri, á sambýlum, dagvistunarstofnunum, þjálfunarskólum, sólarhringsstofnunum, hæfingarstöðvum eða vernduðum vinnustöðum svo eitthvað

sé nefnt (Lög um þroskaþjálfna nr. 18/1978; Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979; Reglugerð um störf og starfsvettvang þroskaþjálfna nr. 215/1987).

Lögin um aðstoð við þroskahefta frá 1979 gerðu ráð fyrir þjónustu úti í samfélaginu og voru sambýlin talin besta lausnin. Stofnanirnar héldu engu að síður velli og það var ekki fyrr en árið 1992 sem tekin var stjórnsýsluleg ákvörðun um að þær skyldu lagðar niður (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008). Opinber stefna í málaflökkum fatlaðs fólks í dag er sú að þjónusta fari fram úti í samfélaginu (sjá t.d. Lög um málefni fatlaðs fólks, 1992). Nokkrar sólarhringsstofnanir fyrir fólk með þroskahömlun á Íslandi eru þó enn við lýði og ekki virðist vera mikið rætt um að leggja þær niður. Þó að hugmyndafræði um eðlilegt líf og samfélagsþátttöku boðaði nýja nálgun og aukin mannréttindi fötludu fólki og þá sérstaklega fólki með þroskahömlun til handa hafa þessar hugmyndir að margra mati ekki skilað þeim árangri sem vænst var. Þá hefur sú mikla áhersla sem lögð var á aðlögun fólks með þroskahömlun að samfélaginu og að normalísera fólkið verið gagnrýnd. Bent var á að framkvæmd hugmyndanna hafi að miklu leyti falist í þjálfun og hæfingu að samfélaginu í stað þess að laga samfélagið að fólkinu eins og t.d. mannréttindasjónarmið og félagslegur skilningur á fötlun gerir ráð fyrir (sjá t.d. Barnes og Mercer, 2003). Þá má nefna að þrátt fyrir aukna áherslu á sjálfstæða búsetu með stuðningi og notendastýrða persónulega aðstoð fer þjónusta við margt fólk með þroskahömlun á Íslandi ennþá fram í aðgreindum úrræðum eins og á sambýlum, hæfingarstöðvum og vernduðum vinnustöðum. Einnig er algengt að börn og ungmenni með þroskahömlun fái menntun sína á sérnámsbrautum og í sérskólum þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um skóla án aðgreiningar. Í sögulegu samhengi hefur starfs svið þroskaþjálfna því verið og er enn í áður nefndum sértækum úrræðum þó að margir þroskaþjálfar starfi einnig innan hins almenna kerfis, t.d. í skólum og í félagsþjónustu.

Samhliða þróun hugmynda og kenninga um eðlilegt líf og samfélagsþátttöku fóru baráttusamtök fatlaðs fólks í æ ríkari mæli að mótmæla aðstæðum sínum og hinum hefðbundna læknisfræðilega skilningi á fötlun. Í þeim farvegi hófst umræða og þróun á félagslegum skilningi á fötlun þar sem litið er svo á að það sé ekki skerðingin sem fatli fólk heldur umhverfishindranir og félagslegar, fjárhagslegar og menningarlegar aðstæður fólks (Barnes og Mercer, 2003). Líta má svo á að þriðja tímabilið í málefnum fatlaðs fólks hafi hafist upp úr 1990 þar sem félagslegur skilningur á fötlun, mannréttindi og réttindagæsla fatlaðs fólks eru lögð til grundvallar. Í þessum farvegi hefur *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* litið dagsins ljós og þjónustuform eins og notendastýrð persónuleg aðstoð hefur þróast víða um heim (Ratzka, 2003). Í þessu samhengi hefur menntun þroskaþjálfna einnig tekið breytingum. Síðasta áratug birtast þessar breyttu hugmyndir í þroskaþjálfanáminu í aukinni áherslu á mannréttindanálgun, fötlunarfræði, siðfræði og félagslegan skilning á fötlun.

STAÐAN Í DAG

Frá því um miðja síðustu öld hefur orðið mikil þróun í málaflökkum fatlaðs fólks og í menntun og störfum þroskaþjálfna. Um miðja öldina var þjónusta við fatlað fólk fyrst nánast eingöngu stofnanabundin en stefnan í dag og allt lagaumhverfið hér á

landi gerir ráð fyrir að fatlað fólk eigi rétt á fullri þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Þroskaþjálfar hafa sem starfsstétt aðlagð sig þessum breyttu aðstæðum og að flestra mati tekist það vel. Eins og áður segir voru lög um þroskaþjálfu samþykkt árið 1978 en þau lög eru ennþá í gildi. Auk þess var sett reglugerð um störf og starfsvettvang þroskaþjálfu árið 1987. Lögin og reglugerðin eru börn síns tíma og urðu til þegar þroskaþjálfar störfuðu á Kópavogshæli eða í öðrum sértækum úrræðum fyrir fatlað fólk. Þau bera þess einnig merki að á þeim tíma var forræðishygga gagnvart fötluðu fólki ríkjandi og læknar og sérfræðingar taldir best til þess hæfir að meta hvað væri fötluðu fólki fyrir bestu. Löngu er því tímabært að endurskoða lögin og reglugerðina og eru þroskaþjálfar meðvitaðir um það eins og starfskenning þeirra ber merki. Þar er m.a. talað um að þroskaþjálfar séu fagstétt sem starfar með fólki á öllum aldri sem býr við skerðingar og að störf þeirra byggist á jafnrétti, virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti og mannhelgi (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.). Starfskenningin er því í takti við ríkjandi áherslur í málaflokkum fatlaðs fólks sem byggjast á mannréttindasjónarmiðum og kröfunni um fulla þátttöku í samfélaginu.

Eins og áður segir kalla ný viðhorf og breyttar hugmyndafræðilegar áherslur í málaflokkum fatlaðs fólks einnig á ígrundun um menntun þroskaþjálfu. Þróun í námi þroskaþjálfu hefur frá upphafi verið nátengd stefnu og hugmyndafræði á vettvangi fatlaðs fólks. Þroskaþjálfanámið í dag endurspeglar vel hugmyndafræði mannréttindasjónarmiða og sjálfstæðs lífs en þar er ítrekað að hlutverk fagstétta á borð við þroskaþjálfu sé fyrst og fremst að ryðja hindrunum úr vegi fatlaðs fólks og veita því aðstoð í þeim tilgangi að stuðla að fullri þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins. Enn fremur er litið svo á að hlutverk þroskaþjálfu felist ekki síst í réttindagæslu með fötluðu fólki. Hugtakanotkun á þessum vettvangi og í þroskaþjálfanáminu endurspeglar þessa þróun vel. Hugtök á borð við stuðning og persónulega aðstoð, réttindagæslu og mannréttindanálgun hafa komið í stað hugtaka sem áður voru ríkjandi, eins og uppeldi, þjálfun, gæsla og umönnun. Nú þykir heldur ekki við hæfi að tala um fatlað fólk sem skjólstæðinga enda er það í æ ríkari mæli vinnuveitendur þroskaþjálfu og annarra fagstétta. Í takt við breytt hlutverk þroskaþjálfu má einnig varpa fram þeirri spurningu hvort starfsheitið þroskaþjálfu sé ekki barn síns tíma og þurfi endurskoðunar við.

Þó að nám þroskaþjálfu hafi tekið miklum breytingum er enn tekist á um ýmsa áhersluþætti í náminu, bæði innan Háskóla Íslands og meðal þroskaþjálfu. Bent hefur verið á að enn byggist hluti námsins á klínískum greinum eins og sálfræði og læknisfræði. Á hinn bóginn hefur komið fram sú gagnrýni að of mikil áhersla sé á fötlunarfræði, félagslegan skilning og mannréttindanálgun á kostnað þjálfunarleiða og meðferðarforma. Ætla má að ávallt verði einhver skörun á milli þessara þátta í námi og starfi þroskaþjálfu en aftur á móti getur reynst erfitt að finna rétt vægi. Ljóst er að mörg úrlausnarefni eru framundan, en tilgangur greinanna sem hér fara á eftir er að varpa ljósi á þau sem efst eru á baugi.

HEIMILDIR

Barnes, C. og Mercer, G. (2003). *Disability*. Cambridge: Polity Press.

Guðrún V. Stefánsdóttir. (2008). „Ég hef svo mikið að segja“: Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld. Doktorsritgerð. Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.

Hallgrímur Guðmundsson. (2011). *Frjáls/Free*. (Aldís Sigurðardóttir og Freyja Haraldsdóttir ritstjórar). Reykjavík: NPA miðstöðin.

Kristjana Sigurðardóttir. (1990). Aldarfjórðungs örstutt spor. *Afmælisblað þroskaþjálfara*, 1(1), 6–7.

Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979.

Lög um fávítahæli nr. 18/1936.

Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967.

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með áorðnum breytingum 127/1993, 148/1994, 140/1996, 161/1996, 130/1997, 156/1998, 52/1999, 174/2000, 93/2002, 95/2002, 83/2003, 152/2010, 160/2010, 162/2010, 88/2011, 26/2011, 78/2011.

Lög um þroskaþjálfara nr. 18/1978.

Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötlun og samfélag: Um þróun í málefnum fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ratzka, A.D. (2003). *Independent living in Sweden*. Sótt 21. janúar 2012 af <http://www.independentliving.org/docs6/razzka200302b.html>.

Reglugerð um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfara nr. 215/1987.

Velferðarráðuneytið. (e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt 23. janúar 2012 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/utgefing-efni/utgafa/nr/3496>.

Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2010). Notendastýrð persónuleg aðstoð fyrir fatlað fólk á Íslandi: Innleiðing og stjórnsýsla. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI: Stjórn málafræðideild – Ritstýrðar greinar: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 106–113). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.). *Starfskenning þroskaþjálfara*. Sótt í febrúar 2012 af <http://throska.is/?c=webpage&id=63>.

UM HÖFUNDINN

Guðrún V. Stefánsdóttir (gvs@hi.is) er dósent í fötlunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í fötlunarfræði frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 2008. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði fötlunarfræði og hafa beinst að lífi, sögu og aðstæðum fatlaðs fólks.

The education and role of social pedagogues at a crossroads?

ABSTRACT

In the past decade there have been changes in emphasis when it comes to matters relating to disabled people, calling for reflection and debate on the role of the social pedagogue. In recent years, three main issues have been in the forefront of these changes. Firstly, in January 2011 services for disabled people moved from the central government to municipal level, leading to changes in the work of social pedagogues. This meant that social pedagogues moved from a highly specialised professional environment, for instance in sheltered homes for people with intellectual disabilities, to more general social work for social service centres which now organise services for disabled people. Secondly, Iceland signed the UN Convention on the right of persons with disabilities from 2007. Even though the convention has not yet been ratified, professionals such as social pedagogues need to re-evaluate their work on the basis of the treaty and their education needs to be adapted. Thirdly, the law regarding disabled people stipulates that by the end of 2014 personal assistance or user control services should constitute some of the main forms of support for disabled people.

The main objective of this set of Perspectives' articles is to examine how these changes affect the education and work of social pedagogues. Guðrún V. Stefánsdóttir, editor, writes an introduction where she briefly highlights developments in issues regarding disabled people and the education and work of social pedagogues. The next article by Friðrik Sigurðsson considers the changes that have taken place in social services directed towards disabled people and their effect on the role of the social pedagogue. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir discusses the human rights of disabled people and the role of the social pedagogue and, finally, Auður Finnbogadóttir relates her experience as a social pedagogue in personal assistance services.

The articles reflect a changed emphasis in matters regarding disabled people in the legal environment relating to the human rights treaty which is based on the demands of disabled people for increased rights and equality. This calls for a change in the approach of professionals such as the social pedagogues. The education of social pedagogues today well reflects the ideology of human rights and the right to independence where the role of professionals is mainly seen as the removing of obstacles in the environment to create a system for disabled people to become full participants in all spheres of society. Furthermore, the role of the social pedagogue is not least seen as guarding the rights of disabled people. Concepts used in this debate and in the education of social pedagogues reflect this development. Notions such as support and personal assistance, protecting rights and rights-based approaches have replaced concepts that were dominant earlier, such as upbringing, training, minding and caring. Now it is not considered appropriate to speak of disabled people as clients as they are increasingly the employers of social pedagogues and other professionals.

The editor hopes that the articles will shed light on the position of education for social pedagogues and their work and indicate the direction in which they should

develop in the near future. The articles should stimulate discussion and reflection on the education of social pedagogues.

ABOUT THE AUTHOR

Gudrun V. Stefansdottir (gvs@hi.is) is an associate professor in disability studies at the University of Iceland, School of Education. Her research has been in the field of disability studies, focusing on the life, history and experiences of disabled people.